

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 19. janúar 2024.

Mál nr. 741/2022:

A

(Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður)

gegn

B ehf.

(Anton Björn Markússon lögmaður)

Lykilorð

Ráðningarsamningur. Riftun. Skaðabætur. Miskabætur. Gjafsókn.

Útdráttur

A var rekin úr starfi hjá B vegna hótana barnsföður hennar í garð samstarfsmanns. A höfðaði mál gegn B og krafðist skaða- og miskabóta vegna ólögmetrar og fyrirvaralausrar riftunar á ráðningarsamningi hennar. Í dómi Landsréttar var vísað til þess að A hafi í kjölfar fundar með fyrirvarsmönnum B óskað eftir því við barnsföður sinn að hann léti af þeim hótunum sem hann hafði haft uppi við starfsmanninn en hann hafi ekki orðið við þeim tilmælum og haldið hótunum áfram. Rétturinn taldi að B hefði ekki fært fram sönnun fyrir því að A hafi hvatt barnsföðurinn til þeirra hótana eða sýnt fram á að A hafi með öðrum hætti borið ábyrgð á þeim. Þótt B hafi metið það svo að hótanirnar hafi leitt til þess að starfsmönnum B stæði ógn af barnsföðurnum og það hefði slæm áhrif á starfsemi félagsins væri það ástand ekki á ábyrgð A. Var ekki fallist á það með B að sú háttsemi A að hafa samband við barnsföðurinn í kjölfar fundarins og biðja hann um að hætta hótunum hafi falið í sér brot á starfsskyldum hennar. Féllst Landsréttur á það með A að riftun B á ráðningarsamningi hennar hafi verið ólögmet. Var B dæmt til að greiða A skaðabætur sem námu launum á uppsagnarfresti og miskabætur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Arnfríður Einarsdóttir, Ásgerður Ragnarsdóttir og Jóhannes Sigurðsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 25. nóvember 2022. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 2022 í málinu nr. E-4681/2021.
- Áfrýjandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða henni 3.314.356 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 346.276 krónum frá 1. maí 2021 til 1. júní 2021, af 1.335.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2021, af 2.324.996 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2021 og af 3.314.356

krónum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt krefst áfrýjandi þess að stefnda verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. apríl 2021 til 5. október 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

- 3 Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 4 Áfrýjandi krefst þess að stefndi, fyrrum vinnuveitandi hennar, greiði henni skaðabætur sem nemi launum í þrjá mánuði ásamt vöxtum vegna ólögmætrar og fyrirvaralausrar riftunar 20. apríl 2021 á ráðningarsamningi hennar frá 21. september 2018. Þá krefur hún stefnda um miskabætur vegna þeirrar ólögmætu meingerðar sem hún telur að hafi falist í riftun ráðningarsamningsins.
- 5 Atvik málsins eru þau að áfrýjandi kvartaði yfir því við stefnda að samstarfsmaður hennar hafi áreitt hana kynferðislega í samkvæmi sem haldið var eftir jólaskemmtun starfsmanna stefnda 20. desember 2019. Stefndi fól utanaðkomandi ráðgjöfum að kanna málið. Í kjölfar skoðunar þeirra og sáttafundar á milli aðila lögðu þeir til að áfrýjandi og umræddur starfsmaður gerðu með sér samskiptasamning sem hefði það að markmiði að samskipti á milli þeirra á vinnustaðnum yrðu eðlileg og hvorki þvinguð né óþægileg. Í samningnum 4. mars 2020 er tekið fram „[a]ð báðir aðilar leggi sig fram við að skapa gagnkvæmt traust. Bæði gagnvart hvort öðru, og að þetta atvik, þessi sáttafundur og það sem kom fram á honum, sé málefni sem [sé] þeirra á milli“ en varði ekki aðra á vinnustaðnum né utanaðkomandi. Áfrýjandi undirritaði samninginn en undirritun hins starfsmannsins mun hafa farist fyrir. Bæði áfrýjandi og starfsmaðurinn lýstu því í framburði í héraði að samstarf þeirra hafi gengið vel í kjölfarið.
- 6 Þann 15. apríl 2021 bárust fyrrgreindum samstarfsmanni áfrýjanda talskilaboð frá barnsföður hennar þar sem sagði: „Þú varst að fokka svo feitt í barnsmóður minni. Þú veist ... ég ætla að gefa þér fokking séns af því að ég er ... þú veist ... búinn að þekkja þig í svo mörg ár, en ... þú veist ... þú ert að fara að borga einhverja feita sekt eða ég er að fara að láta ... þú veist þú veist ... einhvern brjóta öll fokking bein í fokking líkamanum á þér, skilurðu mig? Ég verð í bandi.“
- 7 Starfsmaðurinn upplýsti stefnda um þessa hótun og kölluðu fyrirvarsmenn hans áfrýjanda á fund 19. apríl 2021. Nokkuð ber á milli frásagna fyrirvarsmanna stefnda og áfrýjanda af umræðum á fundinum. Eftir því sem næst verður komist var niðurstaða fundarins þó sú að samband yrði haft við þá ráðgjafa sem hefðu lagt drög að áðurnefndum samskiptasamningi og þeir fengnir til þess að vinna málið áfram. Síðar þann sama dag barst starfsmanninum önnur hótun í textaskilaboðum frá barnsföður áfrýjanda. Í skilaboðunum var fyrst birt mynd af því sem stefndi lýsir sem höfði á

rottu og byggir á að séu þekkt skilaboð um að maður sé „kjaftaskur“ í undirheimunum. Þá sagði í skilaboðunum: „Tvöfaldaðir sektina með þessu „vinur“.“ Því næst var í skilaboðunum birt mynd af grátandi broskalli og síðan sagði: „Le’s go, all u got? Eg leik mér að þer I..... allan daginn [blikkandi broskall] allar nætur“.

- 8 Fyrirsvarsmenn stefnda lýstu því í framburðum sínum í héraði að þeim hafi brugðið mjög við þessi skilaboð og talið ljóst af þeim að áfrýjandi hefði upplýst barnsföður sinn um það sem rætt var á fundinum. Töldu þeir áfrýjanda með þessu hafa brotið gegn trúnaðarskyldum sínum. Lýstu fyrirsvarsmennirnir því að ófremdarástand hafi verið komið upp á vinnustaðnum vegna hótananna. Þeir hafi með netleit komist að því að barnsfaðirinn væri dæmdur ofbeldismaður. Jafnframt hafi þeir séð á Facebook að áfrýjandi og barnsfaðirinn væru þar skráð í sambandi. Starfsmaðurinn sem hafði orðið fyrir hótununum hafi verið farinn í felur af ótta við að barnsfaðirinn fylgdi hótununum eftir. Að auki kom fram í framburði fyrirsvarsmanna að þeir hefðu óttast að barnsfaðirinn kynni að koma á vinnustaðinn til þess að reyna að finna starfsmanninn. Hafi þeir af þessu tilefni skipt um læsingar á hurðum á vinnustaðnum.
- 9 Í þessu ljósi töldu fyrirsvarsmenn stefnda ekki annað fært en að rifta ráðningarsamningi fyrirtækisins við áfrýjanda og var áfrýjanda sent bréf þess efnis 20. apríl 2021. Í bréfinu kom fram að fyrirtækið teldi að hún hefði brotið samskiptasamninginn þar sem barnsfaðir hennar hafi haft í hótunum við starfsmann fyrirtækisins vegna atviksins í desember 2019. Vísað var til þess að eftir fundinn 19. apríl 2021 hafi hótanirnar haldið áfram og að það gerði málið enn alvarlegra. Kom fram að fyrirtækið teldi að hún hefði veitt barnsföðurnum upplýsingar um efni fundarins og að í því hefði falist gróft trúnaðarbrot. Þá var tekið fram í bréfinu að áfrýjandi hafi gerst sek um mjög alvarlegt brot í starfi og að skýringar sem hún hafi gefið á hótununum hafi verið ófullnægjandi og í raun haldlausar með öllu, sérstaklega þegar litið væri til þess að hún væri aftur komin í samband við barnsföðurinn.
- 10 Hótanir barnsföður áfrýjanda gagnvart starfsmanninum, eiginkonu hans og vinkonu hennar héldu áfram á tímabilinu 25. maí til 5. júlí 2021, en þá hótaði hann starfsmanninum meðal annars því að hann myndi nauðga eiginkonu hans og börnum.
- 11 Áfrýjandi lýsti því í framburði sínum í héraði að hún hefði upplýst barnsföður sinn um meinta kynferðislega áreitni í kjölfar atviksins í desember 2019 og jafnframt um að hann þekkti meintan geranda úr æsku. Hún hafi hins vegar ekki sagt honum frá nafni starfsmannsins fyrr en í heimsókn barnsföðursins til hennar um miðjan aprílmánuð 2021. Áfrýjandi staðfesti í framburði sínum í héraði að hún hefði hringt í barnsföður sinn í kjölfar fundarins 19. apríl 2021 og beðið hann um að láta af hótunum sínum. Þá staðfesti hún einnig að hafa samþykkt beiðni frá barnsföðurnum á Facebook um færslu sem staðfesti að þau væru í sambandi á þessum tíma. Það hafi hún þó einungis gert í gríni. Bar áfrýjandi að í kjölfar riftunarbréfsins hafi hún farið með barnsföður sínum í þriggja mánaða ferðalag en að hún hafi ekki vitað af þeim hótunum sem hann sendi á þeim tíma.

- 12 Með hinum áfrýjaða dómi var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda. Niðurstaðan var byggð á því að áfrýjandi bæri ábyrgð á því að barnsfaðir hennar hefði sent umræddar hótanir með því að hafa rætt atvikið við hann, upplýst um nafn starfsmannsins og greint frá efni fundar með fyrirsvarsmönnum stefnda 19. apríl 2021.

Niðurstaða

- 13 Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því að riftun ráðningarsamningsins hafi verið ólögmat. Skilyrði riftunar á ráðningarsamningi sé að starfsmaður hafi í verulegum atriðum vanefnt starfsskyldur og það sé með öllu ósannað í málinu að áfrýjandi hafi brotið af sér með slíkum hætti. Þá byggir áfrýjandi á því að ef stefndi hafi talið hana hafa brotið gegn starfsskyldum sínum hefði honum borið að áminna hana en ekki rifta samningnum fyrirvaralaust. Áfrýjanda hafi verið heimilt að upplýsa nákominn aðila, sem barnsfaðir hennar var, um meinta kynferðislega áreitni og hvaða starfsmaður hafi átt í hlut. Þá hafi fyrirsvarsmenn fyrirtækisins staðfest fyrir dómi að þeir hafi ekki óskað eftir því hún ræddi ekki við barnsföðurinn um málið eftir fund aðila 19. apríl 2021. Það hafi verið eðlileg viðbrögð áfrýjanda við upplýsingum sem komu fram á fundinum um hótanir barnsföður að biðja hann að láta af þeim.
- 14 Stefndi byggir sýknukröfu sína einkum á því að áfrýjandi hafi með því að upplýsa barnsföðurinn um efni fundarins 19. apríl 2021 brotið í verulegum atriðum gegn starfsskyldum sínum. Í stað þess að virða niðurstöðu fundarins um að leita til ráðgjafa til að leysa úr þeim vanda sem upp var kominn hafi hún í raun sett málið í þann farveg að hótanir barnsföður hafi haldið áfram. Við flutning málsins fyrir Landsrétti tók lögmaður stefnda sérstaklega fram að ekki væri byggt á því að áfrýjandi hefði brotið gegn ákvæðum áðurnefnds samskiptasamnings um trúnað.
- 15 Skilja verður bréf stefnda, þar sem tilkynnt var um riftun á ráðningarsamningi áfrýjanda, með þeim hætti að ákvörðunin hafi verið reist á því að áfrýjandi hefði með einhverjum hætti borið ábyrgð á þeim hótunum sem barnsfaðir hennar hafði uppi. Svo sem áður er rakið óskaði áfrýjandi eftir því í kjölfar fundarins 19. apríl 2021 að barnsfaðirinn léti af þeim hótunum sem hann hafði haft í frammi við starfsmanninn. Fyrir liggur að hann varð ekki við þeim tilmælum og hélt hótunum áfram. Stefndi hefur ekki fært fram sönnun fyrir því að áfrýjandi hafi hvatt barnsföðurinn til þeirra hótana sem liggur fyrir að hann hafði sett fram. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að áfrýjandi hafi með öðrum hætti borið ábyrgð á hótunum barnsföður síns. Þótt stefndi hafi metið það svo að hótanirnar hafi leitt til þess að starfsmönnum fyrirtækisins stæði ógn af barnsföðurnum og það hefði slæm áhrif á starfsemi þess var það ástand ekki á ábyrgð áfrýjanda. Breytir þar engu þótt hún hafi átt í samskiptum við barnsföðurinn og upplýst hann um það hver hún teldi hafa áreitt hana kynferðislega í desember 2019, enda ekki á því byggt af hálfu stefnda, eins og fyrir segir, að áfrýjandi hafi brotið gegn ákvæðum samskiptasamningsins um trúnað. Verður ekki fallist á það með stefnda að sú háttsemi áfrýjanda að hafa samband við barnsföðurinn í kjölfar fundarins og biðja hann um að láta af hótununum hafi falið í sér brot á starfsskyldum hennar. Verður því

- fallist á það með áfrýjanda að riftun stefnda á ráðningarsamningi hennar hafi verið ólögmat.
- 16 Að öllu framangreindu virtu verður fallist á kröfu áfrýjanda um skaðabætur sem nema launum á uppsagnarfresti en ekki er ágreiningur um fjárhæð þeirrar kröfu eða þá vexti sem krafist er.
 - 17 Áfrýjandi krefst miskabóta úr hendi stefnda. Reisir hún kröfuna á því að í riftun stefnda á ráðningarsamningnum hafi falist ólögmat meingerð gagnvart henni sem hafi verið henni þungbær og valdið henni umtalsverðum andlegum þjáningum. Henni hafi verið gerðar upp sakir um að hafa brotið trúnað gagnvart vinnuveitanda. Þá hafi henni ekki gefist kostur á að kveðja samstarfsmenn sína og ekki getað varist einhliða frásögnum stefnda um atburðina sem leiddu til riftunarinnar. Enga nauðsyn hafi borið til svo harkalegra ráðstafana og þær hafi í raun valdið verulegri röskun á stöðu og högum áfrýjanda um ókomna tíð.
 - 18 Fyrir liggur að þær hótanir sem barnsfaðir áfrýjanda setti fram gagnvart samstarfsmanni hennar voru mjög alvarlegar. Forsenda stefnda fyrir riftun ráðningarsamningsins er að áfrýjandi hafi með einhverjum hætti komið því til leiðar að þær hótanir voru viðhafðar, en hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að þær ásakanir séu ósannaðar. Riftun ráðningarsamningsins fól því í raun í sér ásakanir á hendur áfrýjanda um að hún væri með einhverjum hætti þátttakandi í brotum barnsföðurins. Að mati dómsins voru þessar forsendur stefnda fyrir riftun samningsins meiðandi fyrir áfrýjanda og vógu þannig að persónu og æru hennar. Skilyrði b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um greiðslu miskabóta eru því uppfyllt. Með vísan til þeirra upplýsinga sem liggja fyrir í málinu um áhrif riftunarinnar á áfrýjanda og atvik málsins að öðru leyti þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna. Fallist er á kröfu áfrýjanda um greiðslu vaxta á miskabætur.
 - 19 Í áfrýjunarstefnu er ekki krafist málskostnaðar í héraði en samkvæmt d-lið 1. mgr. 155. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skal í áfrýjunarstefnu koma fram í hverju skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir. Slík krafa kemur á hinn bóginn fram í greinargerð áfrýjanda til Landsréttar. Aukning á dómkröfum kemst ekki að í málinu nema með samþykki gagnaðila, sbr. 1. mgr. 111. gr., sbr. 166. gr. laga nr. 91/1991. Þar sem slíkt samþykki liggur ekki fyrir verður málskostnaður í héraði ekki dæmdur, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 29. nóvember 2019 í máli nr. 105/2019.
 - 20 Í ljósi framangreindrar niðurstöðu verður stefnda gert að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Landsrétti svo sem nánar greinir í dómsorði.
 - 21 Staðfest er niðurstaða hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað í héraði. Um gjafsóknarkostnað áfrýjanda fyrir Landsrétti fer svo sem nánar greinir í dómsorði en þar er þóknun lögmanns hennar tilgreind án virðisaukaskatts. Verður stefnda gert að greiða þá fjárhæð í ríkissjóð.

Dómsorð:

Stefndi, B ehf., greiði áfrýjanda, A, 3.314.356 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 346.276 krónum frá 1. maí 2021 til 1. júní 2021, af 1.335.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2021, af 2.324.996 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2021 og af 3.314.356 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 1.000.000 króna í miskabætur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 20. apríl 2021 til 5. október 2021 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 1.000.000 króna í málskostnað fyrir Landsrétti sem renni í ríkissjóð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað skal vera óraskað.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigurðar Arnar Hilmarssonar, 1.000.000 króna.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 1. nóvember 2022

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 1. október 2021, var dómtekið 4. október 2022. Stefnandi er A, [...] í Kópavogi. Stefndi er B ehf., [...], Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða henni 3.314.356 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 346.276 krónum frá 1. maí 2021 til 1. júní 2021, af 1.335.636 krónum frá þeim degi til 1. júlí 2021, af 2.324.996 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2021 og af 3.314.356 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess jafnframt að stefnda verði gert að greiða henni skaðabætur að fjárhæð 10.000.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. apríl 2021 til 5. október 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

I

Í máli þessu er deilt um lögmati riftunar á ráðningarsamningi á milli málsaðila hinn 20. apríl 2021.

Atvik málsins eru þau að stefnandi gegndi starfi verkefnastjóra hjá stefnda þegar henni var tilkynnt með ábyrgðarbréfi hinn 20. apríl 2021 um riftun ráðningarsamnings. Í bréfinu kom fram að ástæða riftunarinnar væri sú að hún hefði gerst sek um „gróft trúnaðarbrot“ með því að hafa ekki staðið við samskiptasamning sem hún undirritaði hinn 4. mars 2020 vegna atviks sem komið hafði upp í gleðskap starfsmanna í heimahúsi í desember árið 2019.

Kemur nánar fram í ábyrgðarbréfinu að trúnaðarbrotið fælist í því að barnsfaðir stefnanda hefði nokkrum dögum áður (15. apríl 2021) sett sig í samband við þann starfsmann stefnda sem undirritað hafði samskiptasamninginn við stefnda og hótad honum líkamsmeiðingum ef hann ekki greiddi „sekt“ vegna þess máls sem lokið hafði verið með sáttinni og með því hafi stefnandi brotið samninginn. Þá hafi hótanir frá barnsföður stefnanda haldið áfram eftir samtal stefnda við stefnda sem fram fór daginn áður, 19. apríl 2021, og það hafi gert málið enn alvarlegra. Af efni hótananna frá barnsföður stefnanda megi ráða að stefnandi hafi veitt honum upplýsingar um þá stöðu sem málið hafi verið komið í eftir fundinn 19. apríl

2021. Að mati stefnda hafi stefnandi með þessu gerst sek um gróft trúnaðarbrot. Lagði stefndi á það áherslu í bréfinu að hann teldi óásættanlegt að eftir að stefnandi hafi gengið frá samkomulagi þar sem leitast hafi verið við að ljúka ágreiningi hennar við samstarfsmann sinn, bæta samskiptin á vinnustaðnum og efla starfsandann skuli hún verða uppvís að jafn alvarlegum brotum á starfsskyldum sínum. Þá tók stefndi fram að hann teldi skýringar stefnanda á hótunum barnsföðursins bæði ófullnægjandi og haldlausar. Skýringar stefnanda væru enn ótrúverðugri í ljósi þess að samkvæmt „Facebook“-síðu barnsföður stefnanda væri þau komin í samband aftur. Með vísan til þess væri það niðurstaða stefnda að háttsemi stefnanda teldist svo gróft brot að forsendur fyrir ráðningarsambandi væru brostnar. Er tekið fram í bréfinu að réttaráhrif riftunarinnar miðist við dagsetningu og móttöku bréfsins, þ.e. 20. apríl 2021, og taki riftunin þegar gildi. Í riftun ráðningarsambandsins fælist að vinnuskylda stefnanda félli niður frá og með móttöku tilkynningarinnar svo og skylda stefnda til að greiða stefnanda laun.

Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 11. maí 2021, var riftun ráðningarsamningsins mótmælt sem ólögumætri. Var þess krafist að stefndi greiddi stefnanda laun í uppsagnarfresti, miskabætur og lögmannskostnað vegna málsins. Fram kom í bréfi lögmannsins að það hefði komið stefnanda í opna skjöldu að barnsfaðir hennar hefði haft samband við umræddan starfsmann og að það væri ekki fyrir hennar tilstilli. Hún hefði lagt sig fram við að hlíta samkomulaginu í það rúma ár sem það hefði gilt og hún hefði alls ekki viljað þessi afskipti barnsföður síns. Var kröfu þessari hafnað með bréfi stefnda, dags. 19. maí 2021.

Í fyrrgreindum samskiptasamningi sem gerður var á milli stefnanda og samstarfsmanns hennar í kjölfar sáttafundar hinn 25. febrúar 2020 kemur m.a. fram að báðir aðilar málsins vilji leggja sitt af mörkum til þess að geta átt eðlileg samskipti á vinnustaðnum. Í samskiptasamningnum er einnig nánari tilgreining á því hvernig aðilar hyggist ná því markmiði. Segir þar m.a. að báðir aðilar muni leggja sig fram um að eiga hreinskilin samskipti og að skapa gagnkvæmt traust. Þá segir efnislega að umrætt atvik, umræddur sáttafundur og það sem þar kom fram sé málefni á milli starfsmannanna og „ekki öðrum á vinnustaðnum né öðrum viðkomandi (að undanskildum framkvæmdastjóra sem er nú þegar upplýstur um málið)“.

Ekki er ástæða til að rekja nákvæmlega þann ágreining sem leiddi til umrædds samskiptasamnings, en stefnandi leitaði til stefnda í janúar 2020 og tilkynnti að hún teldi sig hafa orðið fyrir áreitni af hálfu samstarfsmanns í desember 2019 í kjölfar jólaskeiðtunar. Tók stefndi þá ákvörðun að fá fagaðila að málinu. Fyrst var leitað til C ehf. og ræddi ráðgjafi við stefnanda og samstarfsmann hennar. Stefnandi var ekki sátt við ráðgjöfina og var þá farið með málið til svokallaðrar D, sem síðan leiddi til umrædds samskiptasamnings, dags. 4. mars 2020.

Fram er komið að eftir gerð samskiptasamnings hafi málinu verið lokið og lýstu stefnandi og framkvæmdastjóri auk samstarfsmanns stefnanda því öll fyrir dóminum að samningnum hafi verið fylgt í 13 mánuði og ekkert óvænt komið upp í samskiptunum, málið hafi verið í góðum farvegi og ekki hafi orðið vart við óánægju, eða allt til 15. apríl 2020 þegar hótun um líkamsmeiðingar barst frá barnsföður stefnanda til samstarfsmanns stefnanda sem var aðili að umræddum samskiptasamningi við stefnanda.

Eftir riftun ráðningarsamnings fór stefnandi í sumarlangt ferðalag með barnsföður sínum. Á þeim tíma hélt barnsfaðir stefnanda áfram að senda samstarfsmanninum alvarlegar hótanir um líkamsmeiðingar í gegnum fésbókarsíðu sína sem beindust ekki aðeins að honum, heldur einnig eiginkonu hans, börnum og foreldrum. Í gögnum málsins liggja fyrir skjáskot af skilaboðunum og efni þeirra. Sem fyrr segir voru fyrstu skilaboðin send 15. og 19. apríl 2021, þar sem barnsfaðir stefnanda krefur samstarfsmanninn um greiðslu peninga vegna málsins og hótar honum líkamsmeiðingum. Næstu skilaboð voru send 25. maí, 18. júní, 25. júní og 5. júlí 2021, þar sem barnsfaðir heldur áfram að krefja samstarfsmanninn um greiðslu peninga vegna málsins, en þau hafa einnig að geyma mjög grófar og alvarlegar hótanir um líkamsmeiðingar gagnvart fjölskyldu hans, eiginkonu, börnum og foreldrum ef greiðslur verði ekki inntar af hendi.

Við aðalmeðferð málsins gáfu eftirtaldir skýrslur fyrir dóminum: stefnandi, A, E, fyrirsvarsmaður stefnda, F, stjórnarformaður stefnda, G sálfræðingur, H sálfræðingur og I, starfsmaður stefnda.

II

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að riftun ráðningarsamningsins hafi verið ólögmat. Hótanir sem barnsfaðir hennar setti fram hafi verið henni óviðkomandi og hvorki settar fram fyrir hennar tilstilli né vilja. Sú háttsemi að hringja í barnsföður sinn, upplýsa hann um að hún hafi heyrt af hótunum hans og biðja hann um að láta af þeim geti ekki fallið undir skilyrði riftunar ráðningarsambandsins. Telur stefnandi að um hafi verið að ræða eðlileg samskipti hennar við barnsföður sinn og að með þeim hafi ekki verið veittar upplýsingar um viðkvæm atriði sem varði starfsemi stefnda. Því hafi ekki verið um að ræða trúnaðarbrot gagnvart stefnda.

Stefnandi byggir á því að háttsemi stefnda hafi verið sagnæm og ólögmat og hafi valdið henni tjóni. Stefnandi telur að hún eigi rétt á greiðslu launa í uppsagnarfresti. Að því er miskabætur varðar er byggt á bótareglu b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, auk hinnar almennu sakareglu.

Stefnandi krefur stefnda um greiðslu fullra þrenna mánaðarlauna, þ.e. fyrir maí, júní og júlí 2021, auk greiðslu orlofs, mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð og 2% mótframlags í viðbótarlífeyri.

Með vísan til umfangs tjóns stefnanda, dómaframkvæmdar og þeirra hagsmuna sem undir eru geri stefnandi einnig kröfu um miskabætur að fjárhæð 10.000.000 krónur. Uppsögnin hafi verið stefnanda mjög þungbær. Hún hafi upplifað mikla vanlíðan vegna málsmeðferðar stefnda, röskun á sínu persónulega lífi og sjálfsmynd og hafi þurft að leita sér sálfræðiaðstoðar til að vinna úr því tjóni sínu. Stefnandi hafi ekki fengið svigrúm til að útskýra fyrir vinnuveitanda eða samstarfsmönnum hvaða samskipti áttu sér stað milli hennar og barnsföður hennar hinn 19. apríl 2021 þegar seinni hótunin barst en í staðinn hafi henni verið gerðar upp sakir um að brjóta trúnað við vinnuveitanda sinn og hafi það verið mjög vond upplifun. Stefnandi hafi ekki gefist kostur á að kveðja samstarfsfólk sitt á vinnustaðnum þar sem hún hafði unnið árum saman og henni þótti mjög erfitt að heyra af því að stefndi hefði upplýst alla starfsmenn sína um málið, út frá eigin sjónarhóli. Uppsögnin hafi valdið stefnanda miklu áfalli, sem hafi leitt til þess að hún hafi flúið af landi brott og dvalið erlendis í nokkra mánuði í kjölfarið. Um hafi verið að ræða flotta frá uppsögninni og erfiðum tilfinningum á Íslandi. Þá hafi hún átt í erfiðleikum með að snúa aftur á fyrri starfsvettvang og fá nýja vinnu í kjölfar uppsagnarinnar þar sem erfitt sé að útskýra fyrirvaralausá uppsögn á fámennum starfsvettvangi.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að á fundi sem haldinn var með stefnanda hinn 19. apríl 2021 hafi hvorki staðið til að veita henni tiltal né áminningu, heldur hafi markmiðið verið að fá hana til samvinnu um lausn á fyrirbyggjandi vandamáli sem vörðuðu hótanir barnsföður hennar gagnvart umræddum starfsmanni stefnda. Hafi vonir stefnda staðið til þess að hægt væri að leysa málið á skynsamlegum nótum. Eftir að stefnandi hafi farið með upplýsingar af fundi hennar með stjórnendum til barnsföður síns sem í kjölfarið sendi samstarfsmanni stefnanda aðra hótun hafi stefndi út frá öryggi og velferð starfsmanna sinna gert ýmsar ráðstafanir. Hafi stefndi staðið frammi fyrir tveimur kostum, að láta sem ekkert hefði gerst eða láta málið til sín taka út frá hagsmunum fyrirtækisins, þ.m.t. starfsmanna þess. Taldi stefndi að ekki kæmi til greina að horfa upp á að starfsmaður stefnda væri beittur hótunum.

Stefndi byggir á því að eins og málum hafi verið háttað, í ljósi þeirra alvarlegu hótana sem barnsfaðir stefnanda viðhafði í garð samstarfsmanns hennar, vegna þeirra nánu tengsla sem stefnandi hafði átt við barnsföður sinn á þeim tíma er atvik málsins áttu sér stað, og ekki síst vegna sögu barnsföðurins um neyslu eiturlyfja, ofbeldisverka og annan hrottaskap, hafi verið full ástæða til að ætla að hann myndi gera alvöru úr hótunum gagnvart samstarfsmanni stefnanda. Er nánar á því byggt að fyrir tilverknað stefnanda hafi málið orðið jafn alvarlegt og raun ber vitni. Hvort einbeittur vilji hafi legið að baki eða málið hreinlega farið úr böndunum eftir að stefnandi bar upplýsingar í barnsföður sinn skipti engu máli. Hafi stefnandi mátt gera sér ljóst að allar upplýsingar sem hún veitti barnsföður sínum um málið kynni hann að nota í óeðlilegum og vafasömum tilgangi. Í því felist brot stefnanda á trúnaðarskyldum. Stefnandi tekur undir það með stefnanda að hún geti ekki borið ábyrgð á gjörðum eða athöfnum barnsföður síns. Hinu megi hins vegar halda fram með fullri vissu að barnsfaðir stefnanda hefði aldrei látið málið til sín taka, að minnsta kosti hafði hann ekki séð ástæðu til að bregðast við á fyrri stigum, nema fyrir þá sök að hann og stefnandi

voru í sambandi á sama tíma og hótanir voru sendar. Vísast um það til stöðufærslu á fésbókarsíðu barnsföðurins sem hann setti inn 18. apríl 2021 um að hann væri kominn í samband (e: in a relationship) við stefnanda. Leiða verði líkum að því að aðdragandi stöðufærslunnar hafi verið nokkur og náð eitthvað lengra aftur í tímann áður en fyrri hótunin var gerð 15. apríl 2021.

Ákvörðun stefnda um að grípa til þess úrræðis að rifta ráðningarsamningi við stefnanda hafi alfarið verið byggð á því að stefnandi hefði brotið svo gróflega gegn trúnaðar- og starfsskyldum að ekkert annað og veigaminna úrræði en riftun hafi komið til greina. Það hafi verið mat stjórnenda stefnda að með því að bera upplýsingar í barnsföður sinn af lokuðum fundi og sem leynt áttu að fara hafi stefnandi í raun stuðlað að því að málið tók allt aðra og í raun alvarlegri og hættulegri stefnu. Mál sem í upphafi varðaði bara stefnanda og samstarfsmann hennar teygði nú anga sína út um allan vinnustaðinn og, það sem meira er, olli verulegri vanlíðan og ótta meðal starfsfólks. Miðað við eðli og alvarleika hótananna og líkurnar á því að barnsfaðir stefnanda myndi gera alvöru úr þeim hafi það verið mat stjórnenda stefnda að vinnustaðnum sem og starfsfólki hans stæði bein ógn af tilveru stefnanda á vinnustaðnum. Annað og veigaminna úrræði en riftun ráðningarsamnings hafi því ekki komið til greina. Þrátt fyrir að stefndi hafi með aðgerðum sínum náð að vernda vinnustaðinn og annað starfsfólk hafi barnsfaðir stefnanda ekki látið af hótunum í garð samstarfsmanns stefnda. Þær hafi orðið ógeðfelldari og þeim hafi einnig verið beint að eiginkonu hans og börnum. Sem dæmi megi nefna að í „messenger“-skilaboðum 5. júlí 2021 hafi barnsfaðir stefnanda hótað að nauðga eiginkonu samstarfsmanns hennar. Þá hafi barnsfaðir stefnanda jafnframt viðhaft ærumeiðandi ummæli í garð stefnda á opinberum vettvangi, auk þess sem hann hafi haft í hótunum gagnvart stjórnendum stefnda. Í ljósi þess hvernig málin hafi þróast hafi stefndi einungis styrkst í þeirri afstöðu sinni að hafa rift ráðningarsamningi stefnanda. Þar sem hvorki séu efni né ástæður til að fallast á dómkröfur stefnanda beri að sýkna stefnda af þeim öllum.

Í greinargerð sinni tekur stefndi fram að hann telji efni sáttar þeirrar sem gerð var á milli stefnanda og samstarfsmanns hennar hafa verið á milli þeirra tveggja og að stefndi hafi ekki átt beina aðkomu að henni, aðra en að hvetja til gerðar hennar og greiða ráðgjöfum fyrir þá vinnu.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um greiðslu miskabóta enda hafi ekki verið sýnt fram á að skilyrði 26. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt í málinu. Stefndi hafi hvorki sýnt af sér ásetning um að brjóta rétt á stefnanda né beitt hana meingerð. Þá mótmælir stefndi sérstaklega fjárhæð miskabótakröfunnar sem allt of hárrí, hún sé með öllu órökstudd og ekki í neinu samræmi við dómaförðæmi. Jafnframt mótmælir stefndi kröfu um dráttarvexti á miskabætur. Engin lagaskilyrði séu fyrir því að verða við slíkri kröfu. Á því er byggt að umfjöllun í stefnu um skaða- og miskabætur, nánar tiltekið um afleiðingar riftunarinnar á geðheilsu stefnanda, sé ósönnuð með öllu. Hafi stefnandi hvorki sýnt fram á né tekist að axla sönnunarbyrði um slæmt heilsufarlegt ástand í kjölfar riftunarinnar. Við munnlegan flutning málsins tók stefndi fram að hann teldi að framlögð vottorð sálfræðinga hefðu enga þýðingu fyrir úrlausn málsins þar sem þau væru byggð á einhliða frásögn stefnanda. Þá hafi henni ekki tekist að sýna fram á erfiðleika þess að verða sér úti um annað starf og þá hvernig brottvikning úr starfi hjá stefnda hafi komið í veg fyrir það. Þar sem miskabótakrafa sé með öllu órökstudd sé óhjákvæmilegt að sýkna stefnda af henni.

III

Í máli þessu krefst stefnandi bóta vegna meintrar ólögmætrar riftunar stefnda á ráðningarsamningi við hana hinn 20. apríl 2021. Krefst stefnandi annars vegar greiðslu umsaminna launa í þrjá mánuði auk launatengdra gjalda og hins vegar greiðslu miskabóta sem hún telur að stefnda beri að greiða sér á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Stefnandi byggir á því að riftun stefnda hafi verið ólögmæt og að við mat á því verði að miða við hvort í þeim atvikum sem hún var reist á hafi falist svo veruleg vanefnd af hálfu stefnanda að réttlætt hafi riftun stefnda á ráðningarsamningi hennar.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að með því að veita barnsföður sínum upplýsingar af fundi hinn 19. apríl 2020, um málefni vinnustaðarins og sem lokið var með gerð samskiptasamningsins, dags. 4. mars 2020, hafi stefnandi brotið svo gróflega gegn trúnaðar- og starfsskyldum sínum gagnvart stefnda að ekki hafi verið hjá því komist að rifta ráðningarsamningi hennar.

Eins og rakið er í málsatvikakafli dómsins kom upp atvik á milli stefnanda og starfsmanns stefnda í kjölfar jólaskeggtunnar starfsmanna stefnda í desember 2019. Eftir að stefnda varð kunnugt um atvikið, mánuði síðar, ákvað hann að fá þriðja aðila til þess að koma að málinu og leita lausna. Samkvæmt gögnum málsins og skýrslum málsaðila fyrir dómnum lauk málinu með gerð sérstaks samskiptasamnings á milli stefnanda og viðkomandi starfsmanns, dags. 4. mars 2020. Að liðnum 13 mánuðum eftir að málinu taldist lokið bárust skyndilega frá barnsföður stefnanda alvarlegar hótanir til samstarfsmannsins. Í þeim krefur hann samstarfsmanninn um greiðslu peninga vegna málsins og ef sekt verði ekki greidd muni hann valda honum alvarlegum líkamsmeiðingum. Kvartaði samstarfsmaðurinn yfir því við forráðamann stefnda. Stefndi boðaði af þeim sökum stefnanda á fund hinn 19. apríl 2021 til þess að fara yfir þá stöðu sem upp var komin á vinnustaðnum. Nokkrum klukkustundum eftir að þeim fundi lauk bárust enn frekari hótanir til samstarfsmannsins frá barnsföður stefnanda sem stefndi leit svo á að væru þess eðlis að stefnandi hefði veitt barnsföður sínum trúnaðarupplýsingar af fundinum.

Sem fyrr segir voru fyrstu skilaboðin frá barnsföður stefnanda til samstarfsmannsins send 15. og 19. apríl 2021. Næstu skilaboð sendir hann eftir riftun ráðningarsamningsins við stefnanda, þ.e. 25. maí, 18. júní, 25. júní og 5. júlí 2021, þar sem hann heldur áfram að krefja samstarfsmanninn um greiðslu peninga vegna málsins, en í skilaboðunum er einnig að finna hótanir um líkamsmeiðingar gagnvart fjölskyldu hans, eiginkonu, börnum og foreldrum ef greiðslur verði ekki inntar af hendi.

Í bréfi til stefnanda hinn 20. apríl 2021, þar sem rift er ráðningarsamningi við hana, gerir stefndi grein fyrir ástæðum riftunarinnar, sem voru þær að stefnandi hafi ekki staðið við sáttasamkomulag sem hún hafði áður gert og með því að veita barnsföður sínum upplýsingar af fundinum hinn 19. apríl 2021 sem haldinn var vegna málsins.

Í samskiptasamningnum frá 4. mars 2020 sem gerður var eftir sáttafund sem haldinn var 25. febrúar 2020 er m.a. lagt til grundvallar samningi aðila að þau muni bæði í því skyni að bæta samskiptin leggja sig fram við hreinskilin samskipti og gagnkvæmt traust. Þá skuldbundu þau sig bæði gagnvart hvort öðru um að atvik það sem var ástæða samskiptasamningsins og það sem komið hefði fram á sáttafundi sem haldinn var væri málefni sem væri aðeins þeirra á milli og ekki öðrum á vinnustaðnum né öðrum viðkomandi, að undanskildum framkvæmdastjóra sem hefði verið upplýstur um málið.

Eins og rakið er í málsatvikakafli dómsins gengu samskiptin vel eftir gerð samskiptasamningsins. Bæði stefnandi og umræddur samstarfsmaður lýstu því fyrir dómnum að engan skugga hefði borið á samskipti þeirra í þá 13 mánuði sem þau störfuðu saman eftir gerð samskiptasamningsins. Stefndi telur að ástæðuna fyrir því að barnsaðir hennar tók þá ákvörðun að senda samstarfsmanninum skilaboð 15. apríl 2021, rúmu ári eftir gerð samskiptasamningsins, megi rekja til þess að hún hafi sýnt honum mynd af samstarfsmanninum á heimasíðu stefnda þegar hann kom í heimsókn til hennar um miðjan apríl 2021, en hún hafi áður sagt honum frá atvikinu um jólin 2019. Þá staðfesti stefnandi fyrir dómnum að hafa rætt aftur við barnsföður sinni eftir fundinn með stefnda hinn 19. apríl 2021, eingöngu í því skyni að biðja hann um að hætta að senda hótanir á samstarfsmanninn.

Framkvæmdastjóri stefnda bar fyrir dómnum að þegar viðbótarhótun barst frá barnsföður stefnanda í beinu framhaldi af fundi með stefnda 19. apríl 2021, sem bar með sér að barnsaðir stefnanda hefði vitað hvað þar hefði verið rætt, hafi stefndi litið svo á að hótunin hafi ekki aðeins sett samstarfsmann stefnanda í enn meiri hættu en áður var talið, heldur einnig starfsemi stefnda. Hafi stefndi talið á þeirri stundu að ekki kæmi til greina að stefnandi starfaði þar áfram í ljósi hinna alvarlegu hótana. Því hafi í kjölfarið verið ákveðið að rifta ráðningarsamningnum við stefnanda.

Að mati dómsins verður með hliðsjón af alvarlegum hótunum barnsföður stefnanda í garð starfsmanns stefnda hinn 15. og 19. apríl 2021 að leggja til grundvallar að stefnandi hafi á þessum tíma, rúmu ári eftir gerð samskiptasamnings, rætt við barnsföður sinn um atvikið með þeim hætti að hann taldi sig ítrekað þurfa að senda samstarfsmanni stefnanda alvarlegar hótanir, m.a. um líkamsmeiðingar. Engin trúverðug skýring hefur komið fram af hálfu stefnanda hvers vegna svo heiftúðug skilaboð tóku skyndilega að berast frá barnsföður hennar sem hún var í samskiptum við á sama tíma þegar svo langur tími var liðinn frá atvikinu. Ekki hafði hún aðeins gert samkomulag um að ræða ekki við óviðkomandi um atvikið sem sátt hafði verið gerð um heldur verður að telja í ljósi grófleika hótananna og tímasetningu þeirra

ótrúverðugt að hún hafi ekki rætt það sérstaklega við barnsföður sinn í apríl 2021 ásamt því að greina honum efnislega frá fundi 19. apríl 2021 með stefnda, þar sem málið var rætt. Þar með ber stefnandi ábyrgð á því að barnsfaðir hennar hóf að senda umræddar hótanir, þó ekkert verði fullyrt um hvort henni hafi verið kunnugt um efni þeirra.

Þegar atvik málsins eru metin heildstætt, atburðarásin og alvarleiki þeirra hótana sem höfðu borist, ásamt broti stefnanda á samskiptasamningnum, verður að telja að svo alvarleg staða hafi verið komin upp í starfsemi stefnda að honum hafi verið rétt að rifta ráðningarsamningi sínum við stefnanda.

Kröfu sína um miskabætur úr hendi stefnda reisir stefnandi á b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga þar sem fram kemur að sá sem ábyrgð beri á ólögmati meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skuli greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Að virtum gögnum málsins og atvikum öllum verður að mati dómsins ekki talið að framganga stefnda við riftun ráðningarsamningsins hafi vegið að æru stefnanda með þeim hætti að í því hafi falist meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Er því hafnað kröfu stefnanda um greiðslu miskabóta.

Með skírskotun til alls þess er að framan greinir er það niðurstaða dómsins að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Dómsmálaráðherra veitti stefnanda gjafsókn 30. september 2022 til að reka málið fyrir héraðsdómi. Er gjafsóknin takmörkuð við réttargjöld, þóknun lögmanns og undirmatsgerð við rekstur málsins fyrir héraðsdómi, sbr. þó 4. og 5. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigurðar Arnar Hilmarssonar, sem þykir með hliðsjón af umfangi málsins hæfilega ákveðin 1.300.000 krónur án virðisaukaskatts.

Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Anton Örn Markússon lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, B ehf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Sigurðar Arnar Hilmarssonar, 1.300.000 krónur.